

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir 3. áfanga Naustahverfis - Hagahverfis.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 12. apríl 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir 3. áfanga Naustahverfis – Hagahverfis.

Breytingin tekur til lóðarinnar Kjarnagötu 55-57 og felur í sér breytingar á byggingarreitum ásamt fjölda hæða bygginga, auk breytinga á fyrirkomulagi bílastæða og nýtingarhlutfalli og lofthæð bílgeymslu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 18. maí 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 18. maí 2022